
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 2001-06
Fundartími: Þriðjudagur 9. október 2001 kl. 13:30
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni: 1) Skipan hópsins.
2) Húshitunarspá.
3) Endurreikningur raforkuspár.
4) Verkefni ársins 2002 og fyrirkomulag vinnu.
5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn: Ólafur Pálsson
Guðmundur Guðmundsson
Eggert Guðjónsson
Agnar Árnason
Ívar Þorsteinsson
Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

- 1) AÁ var boðinn velkominn í hópinn sem fulltrúi Norðurorku og kynnti JV honum starf hópsins. JV sagðist einnig hafa haft samband við Jón Gest varðandi fulltrúa fyrir Hitaveitu Suðurnesja en hann sagðist ekki vera búinn að fá svar frá honum.
- 2) JV dreifði einu blaði um endurreiknaða húshitunarspá. Hann sagðist ekki hafa fengið tölur úr Fasteignamati fyrir síðasta ár þrátt fyrir að hafa gengið mikið eftir því. Einnig vantaði sölutölur frá nokkrum hitaveitum og tveimur rafveitum varðandi hitun atvinnuhúsnæðis. Þetta skapar vandamál við endurreikninginn þar sem byggja þarf þá á eldri tölum. Samkvæmt þessum tölum minnkar rafhitun nokkuð frá spánni árið 1996 en jarðvarmi eykst. Fundarmenn voru sammála um að slæmt væri að ekki skuli hafa fengist þessi gögn og að ótrúlegt sé að með aukinni tækni skuli vera erfiðara að fá upplýsingar.

- 3) JV dreifði drögum 1 að endurreiknaðri raforkuspá og fór yfir. GG sagði að verið væri að semja við fiskimjölsverksmiðju á Eskifirði um ótryggða orku og mjög líklegt væri að sá samningur yrði að veruleika og notkun hæfist á næsta ári. Ákveðið var að taka þetta með auk verksmiðjunnar á Seyðisfirði. Ákveðið var að miða við að þar með væru komnar þær fiskimjölsverksmiðjur sem líklegt væri að færu yfir á raforku. GG sagði að ef ný göng yrðu grafin til Siglufjarðar opnuðust möguleikar þar. JV sagðist gera ráð fyrir að Áburðarverksmiðjan hætti framleiðslu á þessu ári. EG sagði að einhver notkun yrði þar eftir þó framleiðslu yrði hætt. JV sagði að það yrði þá flokkað sem almenn notkun. Lagfæra þarf tölur Áburðarverksmiðjunnar árið 2001 út frá rauntölum fyrstu níu mánaðanna. JV benti á að heimilisnotkun hefði verið að aukast og væri tekið tillit til þess varðandi núverandi heimili en spurning væri hvort hækka ætti notkun á nýjum heimilum (3,6 MWh/heimili). Ákveðið var að halda þessari notkun óbreyttri.
- 4) JV dreifði drögum að áætlun um verkefni ársins 2002. Hann sagðist gera ráð fyrir að raforkuspáin yrði endurskoðuð og er því áætlunin 200 tímum hærri en fyrir árið í ár. Spurning væri hvort klára ætti endurskoðun spárinnar á árinu. JV sagði að áhyggjuefni væri hve erfitt væri að fá gögn og vísaði á atvinnuvegaskýrslur sem nýjastar eru fyrir árið 1997 og mannaflatölur sem eru einnig nýjastar frá 1997. Spurning væri hvort við þurftum að breyta líkani okkar vegna skorts á gögnum. ÍP taldi að slæmt að fara að einfalda þetta líkan sem reynst hefur mjög vel. Fundarmenn voru á því að ljúka endurskoðun spárinnar á árinu þannig að ný spá væri til staðar þegar ný raforkulög taka gildi og þessi starfsemi muni þá eitthvað breytast. Ákveðið var að vísa áætluninni til Orkuspárnefndar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:10. Næsti fundur ákveðinn 6. nóvember 2001.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Niðurstöður endurreiknings húshitunarspár. (JV)
- Niðurstöður endurreiknings raforkupár. (JV)
- Drög 1 að áætlun um vinnu Verkfræðistofunnar AFLs fyrir raforkuhóp orkuspárnefndar. (JV)